

Því úrskurðast:

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari vikur eigi sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 24. júní 1959.

Nr. 107/1959. Guðjón Sæmundsson

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um, að héraðsdómari viki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 8. þ. m., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og kveðið á um, að setudómarinn, Hákon Guðmundsson, viki úr dómarsæti í nefndu bæjarþingsmáli. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þá ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.800,00.

Víta ber tilefnislausu kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðjón Sæmundsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 1.800,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1959.

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 13. apríl þ. á., af Guðjóni Sæmundssyni, Tjarnargötu 10 hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna skatts, er stefnanda hefur verið gert að greiða samkvæmt lögum um skatt á stóreignir, nr. 44/1957.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að framangreindur skattur, að fjárhæð kr. 160.040,00, verði felldur niður, en *til vara*, að hann verði stórlega lækkaður. Í báðum tilfellum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómarsins.

Aðalkröfu sína styður stefnandi m. a. þeim rökum,

1. að hér sé ekki um lögmeata skattlagningu að ræða, heldur eignartöku, sem sé óheimil samkvæmt 41., 42., 67. og 69. gr. stjórnskráráttarinnar, nr. 33/1944,
2. að margir stærstu skattþegnar ríkisins séu með nefndum lögum alveg undanþegnir þessari fjárheimtu,
3. að rétti stefnanda sé stórlega hallað samanborið við enn aðra skattþegna.

Varakröfuna rökstyður stefnandi með því, að eignir hans séu stórlega ofmetnar og að honum sé mismunað í matinu.

Með úrskurði 4. maí sl. vék hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, ex officio sæti í máli þessu. Hinn 1. júní þ. á. var Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari skipaður setudómari í Reykjavík til þess að fara með og dæma málið. Á dómþingi 4. s. m. krafðist stefnandi þess með tilvísun til 7. töluliðar 36. gr. laga nr. 85/1936, að setudómarinn viki sæti í máli þessu, og studdi þá kröfu sína þessum rökum:

1. að setudómarinn væri ritari Hæstaréttar og því fastur þjónn þess dómstóls, „sem málið kemur fyrir síðar“, eins og það er orðað í rökstuðningi stefnanda,
2. að setudómarinn hefði haft og hefði mjög mikið með höndum launuð aukastörf á vegum ríkisvaldsins, sem sé annar aðili málsins, en eigi hefur stefnandi tilgreint nánar, hver þau störf séu. Telur stefnandi, að ætla megí, að setudómarinn sé því eigi svo óháður málsaðilja sem vera beri.

Stefndi hefur mótmælt framangreindri kröfu stefnanda, þar sem eigi liggir nein lagarök til þess, að setudómarinn viki sæti í málinu.

Eigi verður talið, að það valdi vanhæfi setudómarans til þess að dæma í máli þessu, að hann er ritari Hæstaréttar og málið kynni síðar að koma fyrir þann dóm.

Þá er algerlega haldlaus sú staðhæfing stefnanda, að setu-dómarinn hafi með höndum þau aukastörf fyrir ríkisvaldið, að honum beri af þeim sökum að víkja úr dómarsæti í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður framangreind krafa stefnanda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hákon Guðmundsson setu-borgardómari víkur eigi sæti í máli þessu.

Föstudaginn 26. júní 1959.

Nr. 134/1958. **Kvennaheimilið Hallveigarstaðir**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Guðlaugu Magnúsdóttur

(Jón Bjarnason hrl.)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Synjað að svo stöddu um byggingu á lóð, sem kvöð hvíldi á. Kröfu um staðfestingu lögbannsgerðar vísað frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. september 1958 og krafizt þess aðallega, að honum verði dæmd sýkna og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en *til vara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1958 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag og gert þessar dómkröfur:

að aðaláfrýjanda verði dæmt óheimilt að byggja á lóðinni nr. 14 við Túngötu, Reykjavík, samkvæmt þeirri teikningu, sem nú liggur fyrir í skrifstofu byggingarfulltrúans í Reykjavík,